



## Fundur í sveitarstjórn

**85. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn, fimmtudaginn 21. júní 2018 og hófst kl. 17:00.**

**Mætt voru:** Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Oddný Kristjánsdóttir, Mirjam Blekkenhorst, Þórarinn J. Þórisson, Siggeir Stefánsson, Björn Guðmundur Björnsson, Sigríður Friðný Halldórsdóttir og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

### Dagskrá

- 1) Ráðning sveitarstjóra
- 2) Kosning í nefndir til fjögurra ára í fastanefndir, skv. breytingu 39. gr. samþykktar um stjórn Langanesbyggðar, nr. 378/2016
  - a) Kjörstjórn við sveitastjórnar- og alþingiskosningar
  - b) Atvinnu- og ferðamálamálanefnd
  - c) Hafnarnefnd
  - d) Umhverfis- og skipulagsnefnd
  - e) Landbúnaðarnefnd
  - f) Fræðslunefnd
  - g) Menningar- og bókarsafnsnefnd
  - h) Velferðarnefnd
- 3) Stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Nausts, skv. breytingu á 9. tl. B-staflíðar 39. gr. samþykktar Langanesbyggðar, nr. 612/2013
- 4) Kosning eins fulltrúa á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga
- 5) Tilnefning tveggja fulltrúa í fulltrúaráð Héraðsnefndar Þingeyinga
- 6) Tilnefning eins fulltrúa í barnaverndarnefnd Þingeyinga
- 7) Tilnefning eins fulltrúa í náttúruverndarráð Þingeyinga
- 8) Skipan vinnuhóps um heilsuefandi samfélag í Langanesbyggð
- 9) Fundargerð 860. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 18. maí 2018
- 10) Fundargerð 404. fundar stjórnar Hafnarsambands sveitarfélaga, dags. 28. maí 2018
- 11) Fundargerð 1. fundar stýrihóps um heilsuefandi sveitarfélag í Langanesbyggðar, dags. 8. maí 2018
- 12) Fundargerð 2. fundar stýrihóps um heilsuefandi sveitarfélag í Langanesbyggðar, dags. 5. júní 2018
- 13) Menningarmiðstöð Þingeyinga, aðalfundarboð 27. júní nk.



- 14) Innsent erindi vegna 100 ára fullveldisafmælis, dags. í maí 2018
- 15) Innsent erindi frá Jafnréttisstofu, dags. 29. maí 2018
- 16) Innsent erindi frá Sigurjóni Þórðarsyni, tillögur um úrbætur í umferðarmálum á Þórshöfn, móttækið 31. maí 2018
- 17) Innsent erindi frá form. Skotfélags Þórshafnar og nágr., dags. 14. júní 2018
- 18) Innsent erindi frá Nik Peros, vegna West-Norden sýningar í október nk.
- 19) Umsókn um stækkun bílskúrs að Lækjarvegi 1
- 20) Umsókn um byggingarleyfi á dísel-rafstöð við Langanesveg 13
- 21) Endurnýjum heimasíðu sveitarfélagsins
- 22) Samningur um Heilsueflandi sveitarfélag, dags. 12. júní 2018
- 23) Samningur um útgáfu Skálabæklings
- 24) Samningur um sameiginlegt þjónustusvæði um almenna og sértæka félagsþjónustu, síðari umræða
- 25) Hafnartangi 4 Bakkafirði, tillaga um aðgerðir
- 26) Kaup á hlutafé Fræs ehf. í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga
- 27) Göngustígar
- 28) Skýrsla sveitarstjóra

## Fundargerð

### 1. Ráðning sveitarstjóra

Oddviti lagði fram drög að ráðningarsamningi við Elías Pétursson sem sveitarstjóra á kjörtímabilinu.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir framlögð drög að ráðningarsamningi og felur oddvita að skrifa undir.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, Þorsteins Ægis Egilssonar, Oddnýjar Kristjánsdóttur, Þórarins J. Þórarinssonar og Mirjam Blekkenhorst. Á móti: Siggeir Stefánsson, Björn Guðmundur Björnsson, Sigríður Friðný Halldórsdóttir.

Til máls tók Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun U-listans: Í samræmi við stefnu U-Listans höfnum við ráðningu Elíasar sem sveitarstjóra. Einnig gerum við athugasemdir við fyrirliggjandi ráðningarsamning og teljum að þar séu ýmis atriði sem þarf að breyta og einnig atriði sem eru ekki nægjanlega skýr. Til að ná fram sátt í sveitarstjórn og við getum orðið við kröfum íbúa Langanesbyggðar þar um, leggur U-listinn til að nýr sveitarstjóri verði ráðinn.

Elías Pétursson sveitarstjóri tók sæti á fundinum.



## 2. Kosning í nefndir til fjögurra ára í fastanefndir, skv. breytingu 39. gr. samþykktar um stjórn Langanesbyggðar, nr. 378/2016

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu um skipan í nefndir sveitarfélagsins:

### 1. Kjörstjórn

Aðalmenn: Gunnlaugur Ólafsson, Vífill Þorfinnsson, Jón Marinó Oddsson.

Varamenn: Oddur Skúlason, Hrefna Marinósdóttir, Sigríður Gamalielsdóttir.

Kjörstjórn skipar með sér verkum sjálf.

Samþykkt samhljóða.

### 2. Atvinnu- og ferðamálanefnd

Aðalmenn: Mirjam Blekkenhorst formaður (L), Björn Guðmundur Björnsson (U), Vikar Már Vífilsson (U), Stefán Benjamínsson (L), Þorsteinn Vilberg Þórisson (L).

Varamenn: Áki Guðmundsson (U), Guðmundur Björnsson (U), Sólrún Arney Siggeirsdóttir (L), Dawid Potrykus (L), Nikola Peros (U).

Samþykkt samhljóða.

### 3. Hafnarnefnd

Halldór Rúnar Stefánsson, formaður (L), Rafn Jónsson (U), Áki Guðmundsson (U), Jónas Jóhannsson (U), Agnar Jónsson (L),

Varamenn: Aðalbjörn Arnarsson (U), Jóhann Ægir Halldórsson (U), Almar Marinósson (U), Oddný Kristjánsdóttir (L), Ari Sigfús Úlfsson (L).

Samþykkt samhljóða.

### 4. Umhverfis og skipulagsnefnd

Aðalmenn: Josteinn Hermundsson formaður (L), Karl Ásberg Steinsson (U), Þórarinn J. Þórisson (L), Oddur Skúlason (L), Aðalbjörn Arnarsson (U).

Varamenn: Sölvi Ólason (L), Sigurður Marinósson (L), Ari Sigfús Úlfsson (L), Steinunn Leósdóttir (U), Margrét Höskuldsdóttir (U).

Samþykkt samhljóða.

### 5. Landbúnaðarnefnd

Aðalmenn: Sverrir Möller (L), Steinunn Halldórsdóttir (L), Maríus Halldórsson (L), Ævar Rafn Marinósson (U), Sigríður Ósk Indriðadóttir (U)

Varamenn: Gísli Jónsson (L), Ívar Jónsson (L), Þórarinn J. Þórisson (L), Sigríður Gamalielsdóttir (U), Kristján Indriðason (U).

Samþykkt samhljóða.



## 6. Fræðslunefnd

Aðalmenn: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, formaður (L), Kristinn Lárusson (U), Svala Sævarsdóttir (U), Stefán Benjamínsson (L).

Varmenn: Sigríður Friðný Halldórsdóttir (U), Valgerður Sæmundsdóttir (L), Sóley Indriðadóttir (L), Halldór Stefánsson (L).

Svalbarðshreppur tilnefnir einn aðalmann og annan til vara.

Samþykkt samhljóða.

## 7. Menningar- og bókasafnsnefnd

Aðalmenn: Heiðrún Óladóttir, formaður (L), Guðjón Gamalielsson (U), Þórir Jónsson (U), Sara Stefánsdóttir (L), Líney Sigurðardóttir (L).

Varamenn: Eyþór Atli Jónsson (U), Halldóra Sigríður Ágústsdóttir (U), Ólafur Sveinsson (U), Ránar Jónsson (L)

Samþykkt samhljóða.

## 8. Velferðarnefnd

Aðalmenn: Jón Gunnþórsson, formaður (L), Ránar Jónsson (L), Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir (U), Sólveig Sveinbjörnsdóttir (U).

Varamenn: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir (L), Sigríður Harpa Jóhannesdóttir (L), Björgvin Þóroddsson (U), Hrefna Marinósdóttir (U).

Svalbarðshreppur tilnefnir einn aðalmann og annan til vara.

Samþykkt samhljóða.

### **3. Stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Nausts, skv. breytingu á 9. tl. B-staflíðar 39. gr. samþykktar Langanesbyggðar, nr. 612/2013**

Oddviti lagði fram tillögu um Kristínu Kristjánsdóttur og sveitarstjóra. Auk þess tilnefnir Svalbarðshreppur einn fulltrúa.

Samþykkt samhljóða

### **4. Kosning eins fulltrúa á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Oddviti gerði tillögu um oddvita og varaoddvita til vara.

Samþykkt samhljóða.

### **5. Tilnefning tveggja fulltrúa í fulltrúaráð Héraðsnefndar Þingeyinga**

Oddviti lagði fram tillögu um Þorstein Ægi Egilsson og Björn Guðmund Björnsson sem aðalmenn og Árna Braga Njálsson og Halldóru Jóhönnu Friðbergisdóttur sem varamenn.

Samþykkt samhljóða.



## **6. Tilnefning eins fulltrúa í barnaverndarnefnd Þingeyinga**

Oddviti gerði tillögu um Sólrún Arneyju Siggeirsdóttur sem varamann. Svalbarðshreppur skipar aðalmann skv. samkomulagi.

Samþykkt samhljóða.

## **7. Tilnefning eins fulltrúa í náttúruverndarnefnd Þingeyinga**

Oddviti gerði tillögu um Gréta Bergrún Jóhannesdóttir sem varamann og Svalbarðshreppur tilnefndir aðalmann skv. samkomulagi.

Samþykkt samhljóða.

## **8. Skipan vinnuhóps um heilsueflandi samfélag í Langanesbyggð**

Oddviti gerði tillögu um: Ásdísi Hrönn Viðarsdóttur, Önnu Lilju Ómarsdóttur og Sigríði Friðný Halldórsdóttur. Enn fremur er lagt til að skrifstofustjóri starfi með hópnum fyrir hönd skrifstofu sveitarfélagsins og verði tengiliður sveitarfélagsins við Embætti Landlæknis.

Samþykkt samhljóða.

## **9. Fundargerð 860. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 18. maí 2018**

Fundargerðin lögð fram.

## **10. Fundargerð 404. fundar stjórnar Hafnarsambands sveitarfélaga, dags. 28. maí 2018**

Fundargerðin lögð fram.

## **11. Fundargerð 1. fundar stýrihóps um heilsueflandi sveitarfélag í Langanesbyggð, dags. 8. maí 2018**

Fundargerðin lögð fram.

## **12. Fundargerð 2. fundar stýrihóps um heilsueflandi sveitarfélag í Langanesbyggð, dags. 5. júní 2018**

Fundargerðin lögð fram.

## **13. Menningarmiðstöð Þingeyinga, aðalfundarboð 27. júní nk.**

Lagt fram.

## **14. Innsent erindi vegna 100 ára fullveldisafmælis, dags. 1. maí 2018**

Sveitarstjóri tók til máls og greindi frá því að umræða hefði verið um málið á fundi framkvæmdarstjórnar Héraðsnefndar. Á þeim fundi voru sett fram sjónarmið um að sveitarfélögin hefðu með sér eitthvert samráð í tilefni 100 ára fullveldisafmælisins.



Niðurstaða fundarins var að beina því til Menningarmiðstöðvar Þingeyinga og skólanna hvornig útfæra mætti slíkt samstarf og eftir atvikum samræmingu.

## 15. Innsent erindi frá Jafnréttisstofu, dags. 29. maí 2018

Lagt fram.

## 16. Innsent erindi frá Sigurjóni Þórðarsyni, tillögur um úrbætur í umferðarmálum á Þórshöfn, móttekið 31. maí 2018

Lagt fram.

Sveitarstjóri tók til máls og sagði frá því að erindið hefði verið sent til Vegagerðarinnar og væri þar til umfjöllunar, einnig lagði sveitarstjóri til að erindið yrði kynnt fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd og umsagnar nefndarinnar óskað.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn vísar erindinu til umhverfis- og skipulagsnefndar til umfjöllunar, sérstaklega þeim þáttum erindisins er snúa að gatnakerfi sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða.

## 17. Innsent erindi frá form. Skotfélags Þórshafnar og nágr., dags. 14. júní 2018

Lagt fram.

**Samþykkt um bókun:** Erindinu vísað til umhverfis- og skipulagsnefndar.

Samþykkt samhljóða.

## 18. Innsent erindi frá Nik Peros, vegna West-Norden sýningar í október nk.

Farið er fram á kr. 405.000 styrk til að standa undir kostnaði við sýningarbás á West-Norden sýningunni á Akureyri í haust.

**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjórn vísar erindinu til atvinnu og ferðamálanefndar til umsagnar.

Samþykkt samhljóða.

## 19. Umsókn um stækkun bílskúrs að Lækjarvegi 1

Fram er lögð umsókn með teikningum, dags. 4. júní 2018, frá Agnari Jónssyni og Heiðrúnu Óladóttur um stækkun bílskúrs við Lækjarveg 1 á Þórshöfn.

Til máls tók Elías Pétursson.

**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti og vísar því til byggingarfulltrúa til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða.



## 20. Umsókn um byggingarleyfi á dísel-rafstöð við Langanesveg 13

Fram er lögð umsókn Rarik dags. 30. maí sl., teikningar, og önnur gögn, hvar óskað er byggingarleyfis vegna viðbyggingar við varaflstöð fyrirtækisins að Langanesvegi 13. Flatarmál viðbyggingar er u.þ.b. 80m<sup>2</sup>. Um er að ræða húsnæði sem hýsa á bílageymslu og starfsmannaaðstöðu. Einnig kemur fram í gögnum máls að uppi eru áform um að klæða allt húsið að utan, endurnýja þak o.fl.

Sveitarstjóri tók til máls og fór yfir forsögu og skipulag svæðisins, á gildandi aðalskipulagi er húsið að Langanesvegi 13. skilgreint sem „Byggingar til niðurrifs“. Svæðið sem húsið stendur á skilgreint sem „Miðsvæði“ sem samkvæmt skilgreiningu er svæði ætlað verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu land-svæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi.

**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjórn vísar erindinu til umhverfis- og skipulagsnefndar ásamt því að fela sveitarstjóra að óska eftir fundi hið fyrsta með forsvarsmönnum umsækjanda og sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

## 21. Endurnýjum heimasíðu sveitarfélagsins

Fram er lagt tilboð Stefnu ehf í hönnun, uppsetningu, þjónustu og hýsingu á nýrri heimasíðu Langanesbyggðar og Grunnskólans á Þórshöfn, dags. 4. maí 2018. Tilboðið Stefnu ehf hljóðar upp á kr. 1.742.245.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi í samræmi við framlagt tilboð. Einnig samþykkt að gera viðauka við fjárhagsætlun vegna kostnaðar er hlýst af verkefninu, viðaukinn skal fjármagnaður af lausu fé.

Samþykkt samhljóða.

## 22. Samningur um Heilsueflandi sveitarfélag, dags. 12. júní 2018

Samningur Langanesbyggðar og Embættis Landlæknis um Heilsueflandi sveitarfélag í Langanesbyggð, dags. 12. júní 2018, lagður fram. Samningurinn er fyrir hönd sveitarfélagsins undirritaður af sveitarstjóra með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkur framlagðan samning og lýsir yfir mikilli ánægju með þann áfanga sem í samningunum fellst.

Samþykkt samhljóða.

## 23. Samningur um útgáfu Skálabæklings

Fram eru lögð drög að samningi sveitarfélagsins við Menningarmiðstöð Þingeyinga um viðhald og prentun svokallaðs Skálabæklings.

**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir framlögð drög að samningi og felur sveitarstjóra að undirrita hann.



Samþykk samhljóða.

## 24. Samningur um sameiginlegt þjónustusvæði um almenna og sértæka félagsþjónustu, síðari umræða

Drög að samningi um sameiginlegt þjónustusvæði um almenna og sértæka félagsþjónustu lögð fram að nýju. Samningurinn var lagður fram til fyrri umræðu á 83. fundi sveitarstjórnar og honum var vísað til seinni umræðu.

**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samning og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn þegar samþykki annarra sveitarstjórna liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða.

## 25. Hafnartangi 4 Bakkafirði, tillaga um aðgerðir

Lagt fram minnisblað, dags. 19.6.2018, frá sveitarstjóra vegna Hafnarveggar 4 á Bakkafirði.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjóra falið að undirbúa viðgerðir á húsinu í samræmi við framlagt minnisblað. Enn fremur samþykkt að gera viðauka við fjárhagsáætlun í samræmi við áætlaðan kostnað kr. 3.496.000.

Samþykkt samhljóða.

## 26. Kaup á hlutafé Fræs ehf. í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga

Sveitarstjóri tók til máls og lagði til að sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga frá kaupum sveitarfélagsins á eignarhlut Fræs ehf. í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga. Kaupverð nemur 1.233.418 kr. og skal eignarhluturinn færður til eignar hjá Aðalsjóði Langanesbyggðar. Eru umræddi kaup gerð í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á félagaformi Atvinnuþróunarfélagsins en fyrir liggur að félaginu verður breytt í sjálfseignarstofnun með þann tilgang að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á starfssvæði sínu, sem eru sveitarfélögin Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnulífi og samfélags- og byggðapróun.

Er það mat sveitarstjórnar að eðlilegt sé, með vísan í ofnagreindan tilgang, að eignarhald á slíkri stofnun sé hjá A-hluta sveitarfélagsins, frekar en B-hluta.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga frá kaupum sveitarfélagsins á eignarhlut Fræs ehf. í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.

Samþykkt samhljóða.





## 27. Göngustígar

Sveitarstjóri lagði fram útboðs- og verklýsing á gerð göngustíga í nágrenni Þórshafnarkirkju og tjaldsvæðis ásamt minnisblaði með myndum af göngubrúum.

Lagt er til að sveitarstjórn heimili útboð verkefnisins á grundvelli framlagðra gagna og fjárheimildar í fjárhagsáætlun 2018.

**Samþykkt um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að bjóða verkið út á grunni framlagðra útboðsgagna og fjárheimilda.

Samþykkt samhljóða.

## 28. Skýrsla sveitarstjóra

Til mál tók Elías Pétursson sveitarstjóri og yfirfor þau atriði sem í gangi hafa verið og ekki er getið sérstaklega hér að ofan.

*Höfnin á Bakkafirði* – Unnið er að lagfæringum á húsi sem hýsir baðaðstöðu og salerni fyrir sjómenn. Lagfæringar felast í því að skipt veru um salerni, sturtubotn, blöndunartæki og ofna. Einnig verður húsið málað að innan og mögulega að utan.

*Skólinn á Bakkafirði* – Fenginn hefur verið málari til að ljúka málningarvinnu á húsinu.

*Umhverfismál á Bakkafirði* – Sveitarstjóri og forstöðumaður áhaldahúss fóru á Bakkafjörð og yfirforu þau mál sem færa má til betri vegar. Úr varð verkefnalisti sem unnin verður eftir föngum í sumar.

*Sláttur* – Sláttur hefur gengið þokkalega en skortur á vinnuvélstjórum hefur háð okkur svolítið. Auglýst hefur verið eftir starfsmanni með vinnuvélaréttindi. Í dag og á morgun er nánast allt starfsfólk áhaldahúss við slátt á Bakkafirði, gengur það verkefni vel. Einnig hefur sveitarfélagið lánað íbúum sláttuorf til að slá lúpínu.

*Rykbinding vega* – Búið er að rykbinda vegi sem sveitarfélagið hefur með að gera í þéttbýliskjörnum, einnig hafði sveitarfélagið forgöngu um rykbindingu á veginum út Langanesið að Hlíð.

*Brimvarnargarður hafnarinnar á Bakkafirði* – Sveitarstjóri hefur verið í töluverðu sambandi við Vegagerðina vegna skemmdar á brimvarnargarði á Bakkafirði. Ljóst er að Vegagerðin telur skemmdina ekki vera það alvarlega að bregðast þurfi við strax. Unnið er að því að koma viðgerð inn á áætlun hjá stofnuninni.

*Hafnarvegur Bakkafirði* – Sveitarstjóri hefur átt í samskiptum við Vegagerðina um niðurstætur niðurfalla og kantsteins á Hafnarvegi 5 til 23 á Bakkafirði, enda er Vegagerðin veghaldari vegarins. Ljóst er að sveitarfélagið þarf að láta frumhanna gangstétt meðfram götunni og sækja svo á Vegagerðina vegna málsins.

*Endurreisn Bakkafjarðar* – Sveitarstjóri hefur átt í samskiptum við þingmenn og aðra þá er að verkefninu koma. Nú síðast ítrekaði sveitarstjóri áður framsett ósk um fund fulltrúa



sveitarfélagsins með Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra þar sem flest þau verkefni sem fram komu í tillögum starfshóps eru á hans borði.

*Finnaffarðarverkefnið* – Áfram hefur verið unnið að gerð samninga samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar, undanfarið hafa lögfræðingar samstarfsaðila verið að vinna að útfærslu einstakra þátta samninga og hefur sú vinna gengið ágætlega.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:49.